

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Strandveiðifélags Íslands um frumvörp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Á umsögnin við um frumvarp Björns Levís Gunnarssonar o.fl. á þingskjali nr. 355 – 251. mál og frumvarp Eyjólfss Ármannssonar o.fl. á þingskjali 73 – 73. mál á 152. löggjafarþingi 2021–2022.

Atvinnufrelsi og mannréttindi

Strandveiðifélag Íslands styður bæði þessi frumvörp, en með lögfestingu þeirra yrðu stigin ákveðin skref til þess að auka sátt um stjórn fiskveiða og koma til móts við álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í máli Erlings Sveins Haraldssonar og Arnar Snævars Sveinssonar. Íslensk stjórnvöld gáfu mannréttindanefndinni ákveðin fyrirheit um að koma til móts við álitin, m.a. með endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu með hliðsjón af álitinu.

Núverandi strandveidikerfi með 48 veiðidögum og litlum aflaheimildum var sett á í kjölfar álits mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2007. Í álitinu var talið að stjórnkerfi fiskveiða bryti á jafnræði borgaranna samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Strandveidikerfið í dag er of veikt og tryggir of litla atvinnu til að teljast atvinnugrein sem tryggir jafnræði borgaranna þegar kemur að atvinnu. Til þess eru takmarkanir á veiðunum of miklar og skerðing atvinnufrelsis til handfæraveiða gengur lengra en nauðsyn krefur.

Telja verður núverandi strandveidikerfi ófullnægjandi til að uppfylla kröfur mannréttindanefndar SÞ sem koma fram í áliti nefndarinnar frá 2007 hvað varðar atvinnufrelsi. Þær tryggja ekki jafnræði þegar kemur að aðgengi að hinna sameiginlegu fiskveiðiauðlind. Til þess eru strandveidarnar í dag of takmarkaðar, bæði hvað varðar dagafjölda og magn, þannig að þær geta ekki talist fjálsar þegar kemur að handfæraveiðum líkt og fyrirheit stjórnvalda var í stefnuýfirlýsingunni frá 2009 og stjórnvöld byggðu á gagnvart mannréttindanefndinni.

Íbúar sjávarbyggðanna eiga tilkall til fiskimiðanna undan ströndum landsins. Þar hefur byggð frá landnámi byggst á fiskveiðum og landbúnaði. Takmarkanir stjórnvalda á veiðum íbúa undan ströndum sjávarbyggðanna eru skerðing á búseturétti þeirra. Takmarkanir á atvinnufrelsi þurfa að byggja á sterkum rökum og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Aflahámark sem takmarkar fiskveiðar á eingöngu að ná til þeirra veiða sem ógna fiskstofnum, ekki til veiða sem ógna þeim ekki. Handfæraveiðar ógna ekki fiskstofnum.

Staðan nú á vordögum 2022 er að matvælaráðherra hefur boðað gríðarlega skerðingu á aflamarki sem úthlutað er til strandveiða þannig að nánast ekkert svigrúm er fyrir nýliðun í atvinnugreininni. Ganga stjórnvöld þar með á bak þeim fyrirheitum sem þau gáfu mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.

Ábyrg fiskveiðistjórnun

Veiðigeta smábátaflotans á handfæraveiðum er svo takmörkuð að ofveiði er ómöguleg með auknu frelsi til handfæraveiða, með fjórum handfærarúllum á bát. Handfæraveiðar eru óumdeilanlega vistvænar veiðar sem stjórn málaöfl með umhverfismál á stefnuskrá sinni ættu að leita allra leiða til þess að efla.

Það er ástæða til að áréttu að handfæraveiðar er aðeins hægt að stunda í góðu veðri þegar birtu gætir. Á hverju færi eru aðeins þrjú til fimm krókar. Lögfesting frumvarpanna opnar því aðeins á að hver og einn smábátur renni 12–20 krókum niður í hafið í einu.

Fram hafa komið þau sjónarmið að efni frumvarpanna geti leitt af sér að veiðin verði eitthvað umfram aflareglu og ráðgjöf um hámarksafla. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að frelsi myndi ekki auka aflann verulega og aukningin yrði örugglega innan skekkjumarka ráðgjafarinnar.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að frá því að farið var að fylgja núverandi veiðiráðgjöf út í ystu æsar, eða frá tíunda áratugnum, hefur þorskaflinn aldrei náð að vera nálægt því sem hann var að jafnaði fyrir daga veiðiráðgjafarinnar sem gengur út á að veiða minna núna til að veiða meira seinna. Aflinn hefur heldur aldrei náð þeim markmiðum sem sett voru þegar lagt var upp með stefnuna, þ.e. 500.000 tonna jafnstöðuafla. Þorskostofninn er í sinni þriðju niðursveiflu frá því að núverandi stefna var tekin upp þrátt fyrir að farið sé eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar innan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Eins og kemur fram í athugasemdum Hafrannsóknastofnunar um þingskjal 355 - 251. máli á 152. lögjafarþingi: “Rétt er þó að taka fram að bilið milli afla og aflamarks hefur minnkað verulega á undanförunum árum sem er jákvæð þróun. Það að nýtingarstefnu hafi verið fylgt og að stjórn veiðanna hafi haldið afla nálægt því sem stefnt er að er ástæða þess að ástand helstu nytjastofna er gott hér við land. Þá er átt við stærð hrygningarstofns og aldursdreifingu í stofni.” Augljóst ætti því að vera, að þó svo að haldið sé mjög þétt við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar þýðir það ekki að fiskistofnar í kringum landið dafni frekar og því er það fásinna að halda því til streitu að nokkur prósent til viðbótar falli í skaut handfærabáta, komi til með að tefla fiskimiðum landsins í tvísýnu.

Í áður nefndu þingskjali lýkur Hafrannsóknastofnun á eftirfarandi málsgrein:

“Hafrannsóknastofnun ítrekar mikilvægi þess að afli fari ekki fram úr ráðgjöf samkvæmt aflareglum sem byggja á langtímasjónarmiðum um hámarksafrafakstur og varúðarnálgun. Í ljósi ofangreinds telur stofnunin að frjálsar veiðar vinni gegn markmiðum um nýtingu nytjastofna sem stjórnvöld hafa sett sér.”

Varúðarnálgun í fiskveiðistjórnun var lýst af Sameinuðu þjóðunum (UN 1995) sem:

“States shall be more cautious when information is uncertain, unreliable or inadequate. The absence of adequate scientific information shall not be used as a reason for postponing or failing to take conservation and management measures“.

Varúðarnálgun í fiskveiðistjórnun er sjálfsögð þegar engin, óljós, óörugg eða léleg gögn eru til um fiskistofn. En að nota varúðarnálgun þegar kemur að handfæraveiðum sem eins og bent var á hér að ofan, er með mjög takmarkaða veiðigetu og hefur frá 2009 aflað innan við 2% af heildaráðgjöf er ekki málefnalegt. Þetta er langt innan öryggismarka og skýtur skökku við að stofnunin sem telur sig hafa bestu mögulegu gögn um ástand fiskistofna Íslands ætli sér að fara svo varlega við nýtingaráðgjöf.

Ef einhver efi er um að fyllstu varúðar sé ekki gætt ætti að afla betri gagna, en orðrétt stendur í skilgreiningu að skortur á gögnum ætti ekki að hamla fiskveiðistjórnun. Hinsvegar ætti það að vera ljóst að hámarksafrafakstri hefur ekki verið náð síðastliðin tíu ár, þó svo að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hafi verið fylgt til hins ítrasta.

Byggðafesta, nýliðun, frelsi og mannréttindi

Strandveiðifélag Íslands undirstrikar að með samþykkt frumvarpanna er verið að treysta forsendur og framtíð sjávarbyggða vítt og breitt um landið. Það eykur jafnræði og frelsi einstaklingsins og um leið eykur það fjölbreytni í atvinnulífi og útgerðarformi. Frumbyggjaréttur íbúa til handfæraveiða í atvinnuskyni eru mannréttindi.

Fulltrúar frá Strandveiðifélagi Íslands eru tilbúnir að mæta á fund nefndarinnar til þess að fylgja umsögninni eftir ef þess er óskað.

F.h. Strandveiðifélags Íslands

Gunnar Ingiberg Guðmundsson, formaður.

gunnaringiberg@strandveidifelag.is



Hafnarfjörður, 8.2.2020

2022-02-0258

GP

Málefni: Athugasemdir Hafrannsóknastofnunar við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (152. löggjafarþing, þingskjal 355 – 251. mál).

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við fyrstu málsgrein 6 gr. í breytingatillögunni. Þar er kveðið á um að afli sem fæst við strandveiðar reiknist ekki til aflamarks eða krókaaflamarks. Skilja má að breytingin heimili veiðar umfram ráðlagðan hámarksafla. Slík breyting telur stofnunin að samræmist ekki þeirri sjálfbærnistefnu við stjórn fiskveiða sem stjórnvöld hafa sett sér með því að stjórna veiðum samkvæmt aflareglum og vísindalegri ráðgjöf sem byggir á varúðarnálgun og hámarksafrakstri til lengri tíma litið.

Þær aflareglur sem íslensk stjórnvöld hafa sett á undanförunum árum og áratugum hafa það að meginmarkmiði að stuðla að hámarksafrakstri til lengri tíma innan ramma þess sem varúðarnálgun gefur. Þetta þýðir að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem byggir á áður nefndum aflareglum er hámarksafli sem hægt er að veiða á hverju ári. Sé veitt umfram það sem aflareglur gefa er verið að veiða meira en stofninn getur staðið undir til lengri tíma litið.

Ef litið er til þróunar ráðgjafar, setts aflamarks og afla í helstu botnfisktegundum eins og þorski og ýsu má sjá að aflamark hefur á síðari árum alltaf verið sett jafnt ráðgjöf. Landaður afli hefur hinsvegar oft verið umfram sett aflamark. Rétt er þó að taka fram að bilið milli afla og aflamarks hefur minnkað verulega á undanförunum árum sem er jákvæð þróun. Það að nýtingarstefnu hafi verið fylgt og að stjórn veiðanna hafi haldið afla nálægt því sem stefnt er að er ástæða þess að ástand helstu nytjastofna er gott hér við land. Þá er átt við stærð hrygningarstofns og aldursdreifingu í stofni.

Hafrannsóknastofnun ítrekar mikilvægi þess að afli fari ekki fram úr ráðgjöf samkvæmt aflareglum sem byggja á langtímasjónarmiðum um hámarksafrakstur og varúðarnálgun. Í ljósi ofangreinds telur stofnunin að frjálsar veiðar vinni gegn markmiðum um nýtingu nytjastofna sem stjórnvöld hafa sett sér.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Guðmundur Þórðarson

16. febrúar 2022

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS)
um frumvarp um breytingu á lögum um stjórn
fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum
(strandveiðar). Þingskjal 355 – 251. mál.

LS var stofnað utan um þá hugsjón sem frumvarpið boðar, að handfæraveiðar skuli vera frjálssar. Ályktun þess efnis hefur verið samþykkt á öllum aðalfundum félagsins frá stofnun árið 1985.

Virðingarfyllt


Arthur Bogason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri